

**Nr. 130 / 13 Reykjafoss*****Skipverji slasast við fall***

IMO 9202077  
Smíðaður: Þýskalandi 1999, stál  
Skráður: Hollandi  
Stærð: 7589 bt  
Mesta lengd: 127 m Breidd: 20,40 m  
Dýpt: 10,35 m Vél: 6000 kW  
Fjöldi skipverja: 15

**Gögn:**  
Gögn RNS



Reykjafoss©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 14. febrúar 2014 af Geirprúði Alfredsóttur, Inga Tryggvasyni og Hilmari Snorrasynti

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 6. júní 2013 var Reykjafoss við bryggju í St. Anthony á Nýfundnalandi.

Skipverji sem vann við losun var að húkka á gámavagna í lest þegar hann hrasaði og féll niður á þilfarið. Í fallinu skarst hann á höfði og var fluttur á sjúkrahús.

***Við rannsókn kom fram:***

- að gámavagnarnir voru grindur sem saman standa af tveimur I-bitum og hjólabúnaði. Þegar þeir eru fluttir tómir er þeim raðað saman þremur í búnt og er þá mið vagninn hafður á hvolfi ofan á neðsta. Aurlífar mið vagnsins standa þá upp með hjólastellinu;
- að slasaði sagðist hafa verið að stýra stroffum og koma króknum á festingu niður á milli búnta. Hann stóð á I-bitu og þegar hann steig óvart á aurlífinu sem skagaði upp með bitanum. Þar sem undirlagið gaf eftir féll hann til hliðar en í fallinu slóst höfuð hans utan í gám á næstu lúgu svo að hjálmurinn hrökk af með þeim afleiðingum að hann skarst á höfði.

***Nefndarálit:***

Nefndin ályktar ekki í málinu.